

2. fundur skólanefndar 2018-2022, um leikskólamál Leikskólans Leikholts, haldinn í Árnesi 19. nóv. 2018 kl. 16:20.

### Mætt voru:

Einar Bjarnason, formaður og fundarstjóri

Elín Anna Lárusdóttir, leikskólastjóri

Anna Þórný Sigfúsdóttir sem ritaði fundargerð

Ástráður U. Sigurðarson

Anna María Flygenring

Ingvar Þrándarson

Helga Guðlaugsdóttir, fulltrúi starfsfólks

Rósa Birna Þorvaldsdóttir, fulltrúi foreldra

Kristófer Tómasson, sveitarstjóri

### Dagskrá

#### 1. Fjárhagsáætlun Leikskólans Leikholts

Fjárhagsáætlun lögð fram og kynnt. Farið yfir stöðuna miðað við 15.11. og borin saman við væntanlega stöðu í lok árs. Skólanefnd samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti.

#### 2. Leiðbeiningar og gátlisti fyrir skólanefndarfolk – kynning á leikskólahluta

Lagt var fyrir skólanefndina yfirlit yfir skyldur og ábyrgð skólanefnda sem fer með málefni leikskólans í umboði sveitarstjórnar, samkvæmt lögum um leikskóla. Stefnt er að því að fara skipulega í gegnum þá lagalegu eftirlitsþætti (gátlisti) sem varða skólastarf í sveitarfélaginu almennt sem skólanefndum ber skylda að fara í gegnum.

#### 3. Erindisbréf fyrir skólanefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Lagt var fyrir nýtt og uppfært erindisbréf fyrir skólanefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skólanefnd samþykkir erindisbréfið fyrir sitt leyti.

#### 4. Önnur mál

##### a. Skráning í leikskóla milli jóla og nýárs

Af gefnu tilefni leggur leikskólastjóri til að gerðar verði ráðstafanir til að fá foreldra til að standa við þá skráningu vistunar barns/a sem þeir hafa gert til leikskólans varðandi þetta tímabil. Skólanefnd tekur undir með leikskólastjóra varðandi málið.

Fundi slitið kl. 17:30

Næsti fundur verður haldinn í Leikholti mánudaginn 21. janúar 2019

Helga Guðlaugsdóttir  
Ástráður U. Sigurðarson  
Ingvar Þrándarson  
Einar Bjarnason

Rósa B. Þorvaldsd.  
Elín Anna Lárusd.  
Anna Þórný Sigfúsd.